

**71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hjónaskilnað að borði og sæng.** 1863.  
8. septbrm.

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá aptur með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 3. júnímán. þ. á., bænarskrá Helgu Jóhönnu Magnúsdóttur, um að henni verði veitt leyfi til að skilja að borði og sæng við mann sinn, Jens Kristján Arngrímsson, járnsmið, skal yður hérmeð kunngjört, að stjórnarráðið verður að fela amtinu á hendur að veita henni leyfisbréf til skilnaðar þessa, á þann hátt, að hlutaðeigandi skiptaréttur skipti félagsbúi þeirra hjóna, ef þau ekki sjálf geta komið sér saman um skipti á því.

**72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Einari Hannessyni, fyrrum hreppstjóra og spítalaforstjóra.** 9. septbrm.

Útaf bænarskrá, er þér, herra stiptamtmaður, senduð dómsmálastjórninni með bréfi 24. marzm. þ. á., hefir stjórnarráðið veitt Einari Hannessyni úr Árnessýslu, fyrrum hreppstjóra og spítalaforstjóra, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fê þetta úr jarðabókarsjóðnum.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutaðeiganda.

**73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun handa Jóni Danielssyni á Fallandastöðum fyrir að afgreiða póst í Hrútafirði.** 9. septbrm.

Með bréfi yðar, herra amtmaður, 5. maím. þ. á. fékk stjórnarráðið bænarskrá frá Jóni Danielssyni á Fallandastöðum í Húnavatns sýslu, um að honum verði veitt árleg þóknun fyrir það, að hann afgreiðir póstinn í Hrútafirði, í líking við þá þóknun, er veitt hefir verið öðrum, er afgreiða pósta. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess



1863. þær birtu það beiðanda, að dómsmálastjórnin eptir atvikum málsins fellst á, að honum sé veitt 5 rd. þóknun á ári fyrir greindan starfa sinn, og skuli það talið frá 1. degi janúarmán. þ. á. Því skal við bætt, að landfógeta á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fê þetta þegar þær æskið þess.

10. septbrm. **74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um arf Jóns bókbindara Jóhannessonar.**

Í bræfi 18. septembermán. f. á. létuð þær, herra amtmaður, í ljósi grun um, að Jón bókbindari Jóhannesson, sem þar er um rætt, muni hafa gjört sig sekan í þjófnæði í norður- og austurumdæminu á Íslandi, og síðan hafa flúið af landi burt til að komast hjá hegning laganna, en þetta verður að yðar áliti að vera til tálmunar því, að honum, svo sem hann hafði um beðið, verði útborgaður arfur, er honum hafði hlotnast eptir móður sína og bróður látin, en sá arfur er að upphæð 106 rd. 20 sk., og stendur inni í jarðabókarsjóðnum. Fyrir því ritaði dómsmálastjórnin amtmanninum í norður- og austurumdæminu um málefni þetta, en hann hefir skýrt frá, að hann hafi ekki orðið þess vísari, að Jón þessi Jóhannesson hafi verið ákærður þar í umdæminu, en þarámóti hafi hann við eptirgrennslun frétt, að eptir að Jón á ýmsum stöðum í Eyjafjarðar sýslu hafi verið búinn að fá fêlán, er innan skamms tíma hafi átt að borgazt aptur, hafi hann á laun farið burt af Íslandi.

En með því það, sem þannig er bert orðið um Jón Jóhannesson, ekki veitir hinu opinbera heimild til að tálma því á nokkurn hátt, að honum verði útborgaður greindur arfur hans, þá hefir stjórnarráðið hlutazt til um, að fêð verði greitt úr aðalfêhirzlu ríkisins hêr í bænum og sent hinum konunglega kaupræðismanni í Kristjaníu, til þess hann síðan komi því til skila til hlutaðeiganda.